



**48. fundur Fjölskylduráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 23. ágúst 2022
og hófst hann kl. 12:30**

Fundinn sátu:

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eypórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kristjana Sigurðardóttir varamaður, Þórunn Bylgja Borgþórsdóttir íþrótt- og æskulýðsstjóri, Stefanía Malen Stefánsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs, Marta Wium Hermannsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs og Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri.

Fundargerð ritaði: Bylgja Borgþórsdóttir, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, íþrótt- og æskulýðsstjóri og fræðslustjóri

Undir lið 4-7 sátu: Hrefna Hlín Sigurðardóttir, Hrund Erla Guðmundsdóttir og Þorbjörg Sandholt áheyrnarfulltrúar grunnskóla. Undir lið 7-9 sátu: Kolbrún Nanna Magnúsdóttir og Ólöf Vilbergsdóttir áheyrnarfulltrúar leikskóla. Undir lið 6-7 sat: Sóley Þrastardóttir

Dagskrá:

1. 202109105 - Skíðasvæðið í Stafdal - rekstur

Fyrir liggur minnisblað frá fundi íþrótt- og æskulýðsstjóra og fulltrúum Skíðafélagsins í Stafdal sem haldinn var föstudaginn 19. ágúst 2022. Var á fundinum farið yfir áframhaldandi samstarf Skíðafélagsins og sveitarfélagsins á komandi vetri og yfirfærslu upplýsinga og gagna er varða svæðið.

Einnig liggja fyrir drög að auglýsingum um störf forstöðuaðila og annars starfsfólks á Skíðasvæðið í Stafdal.

Er íþrótt- og æskulýðsstjóra falið að auglýsa störf á Skíðasvæðinu og vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

2. 202207004 - Styrkbeiðni vegna kaupa á hesthúsi

Fyrir liggur erindi frá Hestamannafélaginu Freyfaxa, sent í tölvupósti 28. júní 2022. Í erindinu er óskað eftir styrk í tengslum við kaup félagsins á hesthúsi sem samtengt er reiðhöllinni á lðavöllum, annað hvort eingreiðslu árið 2023 eða smærri upphæðir til lengri tíma.

Fjölskylduráð þakkar Hestamannafélaginu Freyfaxa fyrir erindið og hrósar þeim jafnframt fyrir þá góðu vinnu sem þau vinna við reiðhöllina á lðavöllum.

Fjármagn fyrir eingreiðslu er ekki í fjárhagsáætlun málaflokksins en ráðið felur íþrótt- og æskulýðsstjóra að ræða við félagið um samning til lengri tíma með þeim fyrirvara að fjármagn verði áætlað til styrksins við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2023-2026.



Samþykkt samhljóða.

3. **202207097 - Erindi vegna ungmennapings 2022**

Fyrir liggur erindi frá Ungmennaráði Múlapings, sent í tölvupósti 15. júlí 2022, þar sem koma fram áherslur frá ungmennapingi sem haldið var í maí 2022 og snerta svið fjölskylduráðs. Kemur þar meðal annars fram að ungmenni leggja áherslu á:

- Aukið val í grunnskólum
- Aukna kynfræðslu sem og fræðslu sem gerir nemendur tilbúna út í lífið t.d. fjármálalæsi og skattamál.
- Aukna fræðsla um jafnréttismál, bæði fyrir starfsmenn og nemendur.
- Bætta aðstöðu í öllum félagsmiðstöðvum.
- Framtíðarhúsnæði fyrir félagsmiðstöðvarnar á Seyðisfirði og Djúpavogi.
- Bætta aðstöðu til knattspyrnuíðkunar, bæði á Vilhjálmsvelli og Fellavelli.
- Bætt íþrótt- og tómstundastarf í smærri byggðarkjörnum.
- Aukna aðstöðu til tónlistarnáms- og sköpunar.

Fjölskylduráð þakkar ungmennaráði kærlega fyrir frábæra vinnu við ungmennaping og fyrir skilmerkilegt erindi. Er starfsfólki ráðsins falið að koma þeim ábendingum sem við eiga til skólastjóra og forstöðuaðila stofnana og vinna aðrar ábendingar með sviðsstjórum, m.a. í tengslum við fjárhagsáætlanir.

Samþykkt samhljóða.

4. **202208068 - Erindi vegna skólaaksturs í Eiða og Hjaltastaðapinghá**

Fyrir liggur erindi frá Maríu Guðbjörgu Guðmundsdóttur, sent 3. ágúst 2022. Í erindinu er óskað eftir að öllum skólaakstri í þinghárnar verði breytt í almenningssamgöngur. Einnig er óskað er eftir að bætt verði við skólaaksturinn annarri heimferðarrútu þegar eldri börnin hafa lokið íþróttaiðkun og tómstundum.

Fjölskylduráð vísar erindinu til Umhverfis- og framkvæmdaráðs þar sem almenningssamgöngur falla undir það svið.

Samþykkt samhljóða.

5. **202208037 - Umsókn um skólavist utan sveitarfélags**

Fjölskylduráð hafnar erindinu og fræðslustjóra falið að svara umsækjendum í samræmi við niðurstöður fundarins.

Samþykkt samhljóða.

6. **202207070 - Íslenska æskulýðsrannsókn, niðurstöður fyrir Múlaping**

Lagðar eru fram niðurstöður úr Íslensku æskulýðsrannsókninni á fyrirlögn úr Múlapingi í samanburði við landstölur. Menntavísindastofnun Háskóla Íslands sér um framkvæmd fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12. gr. æskulýðslaga nr. 70/2002.

Lagt fram til kynningar.



7. 202208088 - Kynning á fræðslumálum fjölskyldusviðs

Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri, kynnti fyrir Fjölskylduráði málaflokka sem tilheyrja fræðslumálum.

Lagt fram til kynningar

8. 202207068 - Ytra mat - Leikskólinn Hádegishöfði

Fyrir liggur bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu frá 20. júní 2022 þar sem fram kemur að ráðuneytið hefur móttengið upplýsingar um framkvæmd umbótaáætlunar sveitarfélagsins og Hádegishöfða.

Lagt fram til kynningar

9. 202208089 - Reglur um lágmarksmönnun í leikskólum Múlapings

Fyrir liggja drög að reglum um lágmarksmönnun í leikskólum Múlapings.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

10. 202205062 - Brotthvarf úr framhaldsskólum

Fyrir liggur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 4. maí 2022. Í bréfinu kemur fram að Sambandið taki undir þær tillögur sem Velferðarvaktin leggur til við að sporna við brotthvarfi úr íslenskum framhaldsskólum.

Fjölskylduráð óskar eftir að fræðslustjóri kanni hvort sveitarfélagið geti unnið eftir þeim tillögum sem tilgreindar eru í bréfinu.

Samþykkt samhljóða.

11. 202012045 - Skýrsla fræðslustjóra

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00

